

Samstarfsnefnd  
Menntaskólans við Hamrahlíð

## **Stofnanasamningur**

**fyrir**

## **Menntaskólann við Hamrahlíð**

skv. gr. 5.1.2 og gr. 9 í samkomulagi  
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi

fjármálaráðherra

og

Félags framhaldsskólakennara  
og Félags stjórnenda í framhaldsskólum  
frá 18. mars 2005.

## **1. Inngangur.**

Samningur þessi er hluti af kjarasamningi Fjármálaráðherra og Félags framhaldsskólakennara frá 18. mars 2005 og gerður til þess að fylgja eftir grein 5.1.2 og gr. 9. í kjarasamningnum um röðun starfa og mat álags.

Aðilar eru sammála um að eftirfarandi samningur sé tilraun til þess að ná markmiðum kjarasamningsins og laga hann að störfum við Menntaskólann við Hamrahlíð og að hann beri að endurskoða í ljósi reynslunnar að ári liðnu.

## **2. Gildissvið.**

Samningurinn nær til allra starfsmanna Menntaskólans við Hamrahlíð sem eru félagar í Félagi framhaldsskólakennara og Félagi stjórnenda í framhaldsskólum.

## **3. Markmið.**

Menntaskólinn við Hamrahlíð er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til stúdentsprófs með áherslu á undirbúning fyrir nám í háskólum.

Markmið Menntaskólans við Hamrahlíð er velgengni brautskráðra nemenda og að skólinn sé fyrirmynd um framsækna kennslu, góða stjórnslu og rækt við menningu og listir.

Í Menntaskólanum við Hamrahlíð eru ólíkar þarfir einstaklinga virtar og gengið er út frá vilja nemenda til að axla ábyrgð. Áhersla er lögð á fjölbreytni í valhluta námsins og kappkostað er að kynna nemendum vinnubrögð sem tíðkast í háskólanámi.

Aðilar eru sammála um að stofnanasamningur þessi skuli m.a. stuðla að þessum markmiðum skólans með því að:

- launakerfið sé sveigjanlegt og gagnsætt og ákvarðanir um launaröðun byggji á málefnalegum sjónarmiðum
- launakerfið miðist við að ráða, halda í og byggja upp starfsmenn sem hafa hæfni og vilja til að leysa þau verkefni sem stofnuninni er ætlað að sinna
- launakerfið verði starfsmönnum hvatning til markvissrar vinnu
- nýta svigrúm í rekstri til umbunar umfram lágmarkskjör til að skólinn verði fremstur meðal jafningja í launamálum starfsmanna
- tengjast sjálfsmatskerfi skólans og reglubundnu frammistöðumati
- líta svo á að launaskrið eigi að vera samofið markmiðum skólans
- virða jafnréttissjónarmið við launaákvarðanir

- reyna að koma til móts við óskir starfsmanna um vinnutíma og starfshlutfall að því marki sem eðli starfsins leyfir
- taka tillit til sveigjanleika í lengd kennslustunda og opinna stoðtíma
- hvetja til þróunarstarfs, nýbreytni og endurmenntunar með fjárhagslegum og faglegum stuðningi

### **Inngangur að 4. til 6. kafla.**

Laun fyrir skilgreinda ábyrgð, verkefni og vinnuþætti greinast í þrennt, skv. röðun í launaflokka (sbr. 4. kafla), skv. álagi innan launaflokks (sbr. 5. kafla) og samkvæmt vinnutímamati (sbr. 6. kafla). Samhengisins vegna eru nokkur þýðingarmikil ákvæði miðlæga kjarasamningsins felld inn í hin fjölmörgu staðbundnu ákvæði 6. kafla. Til skýringar er uppruna hvers ákvæðis getið.

## **4. Röðun í launaflokka.**

### **4.1 Flokkun starfa**

A: Kennarar – starfið felst nær eingöngu í kennslu og því sem henni tilheyrir. Ef um sérverkefni/verkefnastjórn er að ræða felur slíkt að jafnaði ekki í sér stjórnun annarra.

B: Námsráðgjafar – starfið felst einkum í ráðgjöf við nemendur.

C: Millistjórnendur – starfið felst í blöndu af kennslu og verkefnastjórn. Hlutfall verkefnastjórnunar er ákveðið til lengri tíma og hluti hennar felst í að stýra hópi kennara.

D: Stjórnendur (yfirstjórnendur) – starfið er 100% stjórnunarstarf.

Innan hvers af flokkunum A til D er í reynd um mörg störf að ræða. Til að mynda má segja að starf byrjandans hvort sem er í kennslu eða námsráðgjöf sé ekki hið sama og þess sem reyndari er þar eð ætíð er leitast við að skipa viðfangsefnum í takt við þá reynslu og hæfni sem fólk hefur áunnið sér. Aðilar eru sammála um að ekki sé ástæða til að láta sérstakar nafngiftir, s.s. kennari 1, kennari 2 o.s.frv., endurspegla þann mismun í launaröðun sem fyrst og fremst helgast af mati á reynslu ef grunnskilgreining starfsins er hin sama.

### **4.2 Launaflokkar**

A: Kennari raðast lægst í 2. lfl. og hæst í 8. lfl skv. nánari viðmiðum um réttindi, ráðningarform og reynslu.

B: Námsráðgjafi raðast lægst í 7. lfl. og hæst í 11. lfl. skv. nánari viðmiðum um ráðningarform, reynslu og ábyrgð.

C: Millistjórnandi raðast lægst í 9. lfl. og hæst í 11. lfl. skv. nánari viðmiðum um stjórnunarhlutfall og eðli starfs að öðru leyti.

D: Stjórnandi raðast í 13. lfl. eða hærra skv. nánari viðmiðum sem útfærð skulu með samkomulagi við rektor.

### 4.3 Nánari viðmið innan starfaflokka

#### A. Kennarar

Launaflokkur 2: Kennari án leyfisbréfs og reynslu af kennslu.

Launaflokkur 3: Kennari með leyfisbréf sem ráðinn er tímabundið og hefur minni en 2 ára reynslu.

Launaflokkur 4: Kennari með 2 – 4 ára reynslu.

Launaflokkur 5: Kennari með 5 – 7 ára reynslu.

Launaflokkur 6: Kennari með a.m.k. 8 ára reynslu og hefur ekki valið sk. launaflokkaleið.

Kennari með 8 – 11 ára reynslu og eldri röðun skv. launaflokkaleið.

Launaflokkur 7: Kennari með 12 – 15 ára reynslu og eldri röðun skv. launaflokkaleið.

Launaflokkur 8: Kennari með a.m.k. 16 ára reynslu og eldri röðun skv. launaflokkaleið.

Með reynslu er hér einkum átt við kennslureynslu í framhaldsskólum en önnur reynsla er metin eftir því sem með sanngirni má ætla að hún nýtist viðkomandi í starfinu. Til að eiga rétt til röðunar í tiltekinn flokk þarf að uppfylla viðkomandi lágmarksskilyrði um reynslu. Hins vegar er *heimilt* að flýta hækkun ef sérstök rök mæla með því.

#### B. Námsráðgjafar

Launaflokkur 7: Námsráðgjafi sem ráðinn er tímabundið og er án reynslu.

Launaflokkur 8: Námsráðgjafi með 1 - 5 ára reynslu.

Launaflokkur 9: Námsráðgjafi með 6 - 10 ára reynslu.

Launaflokkur 10: Námsráðgjafi með a.m.k. 11 ára reynslu.

Launaflokkur 11: Námsráðgjafi, sem öðrum fremur er falið að vera í forsvari fyrir námsráðgjöf skólans.

Með reynslu er hér einkum átt við reynslu af námsráðgjöf í framhaldsskólum en önnur reynsla er metin eftir því sem með sanngirni má ætla að hún nýtist viðkomandi í starfinu. Til að eiga rétt til röðunar í tiltekinn flokk þarf að uppfylla viðkomandi lágmarksskilyrði um reynslu. Hins vegar er *heimilt* að flýta hækkun ef sérstök rök mæla með því.

#### C. Millistjórnendur

Launaflokkur 9: Millistjórnandi þar sem hlutfall verkefnastjórnunar er undir 25% eða ábyrgð á störfum annarra telst ekki veruleg.

Deildarstjórar og verkefnisstjóri nýbúa falla í þennan flokk.

Launaflokkur 10: Millistjórnandi eða verkefnisstjóri þar sem hlutfall verkefnastjórnunar er 25-50% og samsvarandi ábyrgð á störfum annarra.

IB stallari og öldungadeildarstjóri falla í þennan flokk.

Launaflokkur 11: Millistjórnandi þar sem stjórnunarhlutfall er yfir 50%.

#### D. Stjórnendur

Launaflokkur ræðst af persónulegu samkomulagi sem hver stjórnandi gerir við rektor en honum ber að gæta eðlilegs samræmis innbyrðis, bæði um störf og einstaklinga. Sér í lagi skal konrektor raðað hærra en öðrum stjórnendum og taka má tillit til stjórnunarreynslu.

Feli samkomulag í sér heildarkjör samkvæmt mati á yfirvinnu er heimilt að reikna dagvinnulaun hærri en ella.

## **5. Álag innan launaflokks vegna persónu- og tímabundinna þátta.**

### **5.1 Menntun.**

Formleg viðbótarmenntun (þ.e. umfram BA/BS og UK) er metin til allt að 3 þrepa eftir umfangi. Nánar viðmiðanir eru:

120 eininga próf	1 þrep
Meistarapróf	2 þrep
Doktorspróf	3 þrep

Annað formlegt heildstætt háskólanám sem nýtist í starfi getur gefið 1 þrep enda samsvari það ekki minna en 30 einingum (60 ETCS).

### **5.2 Reglubundin (föst) störf.**

#### 5.2.1

*Umsjón.*

Fyrir að taka að sér umsjónarhóp: 1 þrep.

#### 5.2.2

*Fagstjórn.*

Fyrir að taka að sér fagstjórn: 1 þrep.

#### 5.2.3

*IB kennsla.*

Fyrir kennslu samkvæmt námskrá IBO á IB braut: 1 þrep

#### 5.2.4

Fyrir umsjón með IB kennslu í erlendu tungumáli (s.s. spænsku, frönsku og þýsku), þar sem ekki er kennt í sérstökum IB hópum: 1 þrep.

#### 5.2.5

Fyrir umsjón með CAS á IB braut: 1 þrep.

#### 5.2.6

Fyrir umsjón með félagslífi nemenda: 1 þrep

#### 5.2.7

Fyrir verkefnisstjórn þegar hækkun frá kennararöðun er einungis einn launaflokkur: 1 þrep.

#### 5.2.8.

Fyrir 12 ára kennslureynslu ef viðkomandi raðast ekki skv. launaflokkaleið: 1 þrep

### 5.2.9

Fyrir árangur og frammistöðu við að efla kennslu og bæta árangur nemenda. Til grundvallar verða markmið áætlunar sem hver og einn setur sér þannig að launahækkun/launaþróun skv. þessu ákvæði verður háð mati.

Fyrsta áætlunin verði unnin fyrir veturinn 2006 – 2007 og metin í mars 2007. Endurmat verði árlega eftir það.

(Nánari ákvæði og reglur verða settar vorið 2006 og við endurskoðun samningsins)

## 5.3 Önnur tilefni álagsgreiðslna.

### 5.3.1

Heimilt er að greiða starfsmanni álag vegna sérstakra verkefna, áður ótalinna, sem hann tekur að sér.

### 5.3.2

Heimilt er að greiða starfsmanni álag vegna sérstakrar reynslu, hæfni, árangurs eða frammistöðu sem ekki fellur undir ofangreinda þætti.

## 6. Laun fyrir sérgreind verkefni greidd með álagi á kennslu eða tímamæld.

### 6.1 Störf millistjórnenda o.fl.

Deildarstjóri	250 klst. á ári
Öldungadeildarstjóri	600 klst. á ári
IB stallari	876 klst. á ári
CAS stjórn (samtals)	180 klst. á önn
Umsj. m. félagsl.(samtals)	180 klst. á önn
Umsj. m. námsmati	72 klst. á önn

Prófstjórn	breytilegt skv. tímaskráningu
Töflusmíð	breytilegt skv. tímaskráningu

Tímafjöldi skal að jafnaði ákveðinn með samkomulagi í upphafi ráðningartímabils en heimilt er að endurskoða tímagreininguna ef aðstæður breytast að mati aðila.

Ofangreindar tölur eru þær sem í gildi eru við undirritun samningsins.

### 6.2 Álagsgreiðslur

#### 6.2.1

Kennsla í öldungadeild greiðist með 60% álagi. (Kjarasamn. KÍ og fjárm.r.h.).

#### 6.2.2

Kennsla í IB deild greiðist með 22% álagi. (Samkomulag um IB kennslu í samstarfsnefnd MH 14. maí 2002).

#### 6.2.3

Kennsla í hraðferðum dagskóla (öðrum en IB áföngum) er greidd með álagi miðað við tímafjölda þannig að í stað 4 kennslustunda reiknast áfanginn sem 5 kennslustundir. (Samkomulag í samstarfsnefnd MH 10. des. 2004).

#### 6.2.4

Í undantekningartilvikum er greitt álag vegna tilraunakennslu eða mikils fjölda nemenda. (Tilviksbundið samkomulag ef við á).

### 6.3 Fastar greiðslur

#### 6.3.1

Kennari sem tekur að sér IB kennslu í fyrsta skipti fær greiddar 25 klst. eingreiðslu við upphaf þeirrar annar. (Samkomulag um IB kennslu í samstarfsnefnd MH 14. maí 2002).

#### 6.3.2

Kennarar sem hafa umsjón með raungreinastofum fá eingreiðslu fyrir hverja önn, samtals 105 klst. sem skiptist þannig: Eðlisfræðistofu tilheyra 30 klst., efnafræðistofu 45 klst. og líffræðistofu 45 klst. (Samkomulag rektors og fulltrúa raungreina í kjölfar kjarasamnings frá 8. jan. 2001).

#### 6.3.3

Fyrir samningu aukaprófs í áfanga (s.s. vegna endurtektarprófs stúdentsefna eða stöðupróf) eru greiddar 4 klst. fyrir samninguna. Ef um próf úr námsefni margra áfanga er að ræða greiðast þó 7 eða 9,5 klst. Þegar sérstaklega stendur á er greitt fyrir stöðupróf skv. tímamælingu. (Kjarasamn. KÍ og fjárm.r.h.).

### 6.4 Nemendatengdar greiðslur

#### 6.4.1

Kennari sem hefur umsjón með P- nema í þriggja eininga áfanga í dagskóla fær greiddar 4 klst. (Kjarasamn. KÍ og fjárm.r.h.).

#### 6.4.2

Kennari sem kennir IB áfanga fær á þeirri önn viðbótargreiðslu sem nemur 30 mín. á hvern nemanda. Miða skal við nemendafjölda um miðja önn og að greiðslan komi ekki síðar en í lok annar. (Samkomulag um IB kennslu í samstarfsnefnd MH 14. maí 2002).

#### 6.4.3

Fyrir yfirferð aukaprófs eru greiddar 20 mín. fyrir hvern nemanda nema um sé að ræða próf úr námsefni fleiri ára; þá greiðast 30 mín. á nemanda. (Kjarasamn. KÍ og fjárm.r.h.).

#### 6.4.4

Kennari sem kennir sérlega vinnufrekan íslenskuáfanga (með stórrí ritgerð) fær í lok þeirrar annar viðbótargreiðslu sem nemur 20 mín. á hvern nemanda sem skilaði ritgerð. (Samkomulag rektors og fulltrúa íslenskukennara á haustönn 2002).

#### 6.4.5.

Fyrir umsjón með rannsóknarritgerðum („extended essay“) IB nemenda eru greiddar allt að 15 klst. vegna hvernar ritgerðar. Tímalföldann skal byggja á fyrirframgerðri áætlun kennara og IB stallara sem tekur tillit til viðfangsefna og fjölda hjá hverjum kennara. (Samstarfsnefnd 2006).

#### 6.4.6

Fyrir umsjón með einstaklingsbundnu sjálfsnámi þar sem viðfangsefni má jafna til hluta úr skilgreindum áfanga greiðast 5 klst. fyrir eina einingu og 9 klst. fyrir tvær einingar. (Samstarfsnefnd 2006).

### 6.5 Óhefðbundin kennsla/þjónusta

#### 6.5.1

Ef reglulegar kennslustundir í áfanga (sem ekki telst hraðferð) eru færri en skv. hefðbundnu viðmiði (eining = tvær vikust. í eina önn) vegna annars konar fyrirkomulags, s.s. stoðtíma, sérstakra verkefna, notkunar kennslukerfis, þá er greitt eins og um hefðbundinn kennslustundafjölda væri að ræða. (Hluti af samkomulagi um nýtt töflumynstur 2003).

#### 6.5.2

Fyrir umsjón og leiðbeiningu nemenda í yndislestri er greitt eins og um kennslu væri að ræða þannig að hverjir 15 nemendur teljist því sem næst hálfur hópur. (Innanhússamkomulag frá öndverðu).

#### 6.5.3

Ef bæta þarf við tímum vegna verklegra æfinga í raungreinum í öldungadeild greiðast þeir annað hvort sem brot úr kennslustund alla önnina eða skv. tímatalningu eftir því sem betur á við. (Viðbótartímar heimilaðir ef nauðsyn ber til með samþykkt skólanefndar á vorönn 1999).

#### 6.5.4

Fyrir leiðbeiningu/kennslu nemenda sem skráðir voru í hóp sem fallið hefur niður vegna nemendafæðar miðast greiðsla við tilteknar stundir á hvern nemenda eða hlutfall af óskertum kennslustundum eftir því sem þykir hæfa betur. (Tilviksbundið samkomulag ef við á).

#### 6.5.7.

Þegar kennari tekur þátt í ferð með nemendum á vegum skólans er heimilt að víkja frá greiðslureglum miðlæga sammingsins ef sérstök rök mæla með því og samkomulag er gert um slíkt fyrirfram. Til dæmis er hér átt við ferð sem ekki er í slíkum tengslum við tiltekinn áfanga að kennara sé skylt að takast hana á hendur, fleiri kennarar en nauðsynlegt er kjósa að fara eða líta má svo að greiðsla komi að hluta til með öðru móti. (Samstarfsnefnd 2006).

### 6.6 Sjálfsmat

Kennari eða teymi kennara sem vinnur að sérgreindu verkefni sem lýtur að sjálfsmati fær greitt fyrir þá vinnu í formi launaþreps, yfirvinnustunda eða kennsluafsláttar eftir eðli verkefnisins og nánara samkomulagi. Leitast verði við að afmarka tíma fyrir slíkt innan stundaskrár. (Samstarfsnefnd 2006)

## 7. Endurmenntun

### 7.1 Styrkir.

Kennarar eiga kost á (endur)greiðslum vegna námskeiða samkvæmt *Reglum um endurmenntunarstyrki* sem tóku gildi 1. janúar 2006.



## **7.2 Námslaun.**

Ef uppsafnaður rekstrarafgangur skólans, skv. endanlegu uppgjöri, nemur a.m.k. 4% af fjárlögum yfirstandi árs, þá verður auglýst til umsóknar jafngildi 3 mánaða námslauna KÍ-félaga á kostnað skólans. Úthlutað yrði á komandi skólaári og að jafnaði miðað við að viðkomandi verði í 50% starfi við skólann á óskertum launum þá önn sem hann nýtir orlofið. Áskilið er að um formlegt nám sé að ræða, umfang þess svari til námslaunanna og að ætla megi að það nýtist í starfi. Nánari skilyrði og reglur um meðferð umsókna skulu settar af samstarfsnefnd.

## **8. Hlutverk samstarfsnefndar.**

Hlutverk samstarfsnefndar er að fylgja eftir samningi þessum og leita lausna á þeim álitamálum og ágreiningsefnum sem upp kunna að koma. Aðilar sammingsins geta vísað málum til nefndarinnar vegna framkvæmdar sammingsins.

## **9. Meðferð ágreiningsmála.**

Komist samstarfsnefndin ekki að sameiginlegri niðurstöðu ber að fara með ágreiningsefni samkvæmt grein 11. 4. 3 í kjarasamningi fjármálaráðherra og FF&FS.

## **10. Gildistími og endurskoðun.**

Samningur þessi gildir til 30. apríl 2008 sbr. grein 17. 1 í kjarasamningi fjármálaráðherra og FF&FS.

Samningurinn skal endurskoðaður fyrir 1. maí 2007.

**Reykjavík 5. apríl 2006**

**Fh. Menntaskólans við Hamrahlíð**

**Fh. Kennarafélags Menntaskólans  
við Hamrahlíð – Félags  
framhaldsskólakennara og Félags  
stjórnenda í framhaldsskólum**

# Samkomulag um breytingu á stofnanasamningi fyrir kennara Menntaskólans við Hamrahlíð

Með vísan til samkomulags Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra frá 16. júní 2008, svo og tilheyrandi yfirlýsingar menntamálaráðherra og minnisblaðs, um 4% hækkun á heildarlaunum kennara sem útfæra skyldi í samstarfsnefndum skóla gera aðilar með sér svofellt samkomulag í samstarfsnefnd:

1. Stofnanasamningur frá 5. apríl 2005 framlengist til loka samningstíma (eða þar til nýr verður gerður) með þeirri breytingu að röðun í launaflokka skv. 4. kafla verður þannig að frá og með 1. ágúst 2008 raðast allir einum launaflokki hærra en áður.
2. Þar eð hækkun skv. 1. lið er u.þ.b. 0,7% meiri en sú hækkun sem kveðið var almennt á um og fjármögnuð verður með sérframlagi ríkissjóðs eru aðilar sammála um að taka tillit til þess við næstu samningsgerð á þessum vettvangi. Lagt verði sameiginlegt mat á þróun fjármála skólans og horfur á þeim tíma og í ljósi þess samið um að hve miklu leyti fyrrnefnd 0,7% hækkun verði varanleg.<sup>1</sup>

Reykjavík 22. september 2008

F. h. Kennarafélags Menntaskólans við Hamrahlíð – Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum

F. h. Menntaskólans við Hamrahlíð

---

<sup>1</sup> Í þessu felst að hugsanlegt er að ef næsti kjarasamningur kveður á um að tiltekin x% meðallaunahækkun skuli útfærð í samstarfsnefnd verði samið um allt að 0,7% lægri að meðallaunahækkun.

## **Bókanir**

### **við stofnanasamning MH samþykktar í samstarfsnefnd 24. apríl 2009**

1. Gein 7.2 um námslaun verði numin úr gildi tímabundið skólaárið 2009-2010.
2. Lotukennsla í öldungadeild, þar sem meðalstundafjöldi á viku miðað við alla önnina (18 vikur) verður 2.25 í stað 3 (m.v. 40 mínútur), verði greidd sem 2,5 kennslustundir, þ.e. 4 stundir ( $2,5 \times 1,6 = 4$ ) að meðtöldu 60% öldungadeildarálagi. Greiðslum til kennara sem kennir aðeins aðra lotuna af tveimur verði engi að síður jafnað á alla önnina nema viðkomandi óski sérstaklega eftir öðru.
3. Kennari sem kennt hefur skv. fyrirkomulagi b. liðar fær 20 klst. eingreiðslu ef hann útbýr fullnægjandi skilagrein fyrir þann sem tekur við kennslunni af honum. Með skilagrein er átt við stutta skýrslu um kennsluhætti ásamt þau gögn sem kennari hefur útbúið og/eða tilvísun til annarra gagna eftir því sem við á. Leiki vafi á hvort skilagrein sé fullnægjandi skal hún metin að viðkomandi fagstjóra og deildarstjóra. Sé kennari í hlutfalli má umreikna 20 klst. til töðuhlutfalls.

### **Samkomulag í mars 2010**

Þar sem fjárhagsafkoma skólans skólaárið 2009-2010 var heldur skárri en gert var ráð fyrir tekur grein 7.2 um námslaun aftur gildi fyrir skólaárið 2010 - 2011.

## **Viðauki 1. Um vinnutíma námsráðgjafa**

### **sbr. Bókun 7 með Samkomulagi fjármálaráðuneytis og KÍ frá 18. mars 2005**

Vinnutími námsráðgjafa í fullu starfi miðast við allt að 200 daga árlega viðveru í skólanum, þ.e. 175 daga skólaársins og 20 – 25 daga utan þess. Gengið er út frá að meginhluti vinnu sé inntur af hendi á dagvinnutíma, sér í lagi á þeim tíma sem skrifstofa skólans er opin. Gert er ráð fyrir 43 stunda vikulegum vinnutíma innan skólaársins en 40 vikustundum hinar aðliggjandi vikur haust og vor. Að jafnaði skulu þó ekki fleiri en 40 stundir á viku vera bundnar í skólanum. Ennfremur eru námsráðgjafa reiknaðar 80 stundir til árlegrar endurmenntunar. Að öðru leyti getur vinnutími verið sveigjanlegur eftir verkefnum, persónulegum aðstæðum námsráðgjafa og þörfum skólans hverju sinni skv. nánara samkomulagi við rektor.

Við frekari skipulagningu og uppgjör árlegs vinnutíma skal m.a. taka tillit til þeirrar endurmenntunar sem fram fer innan viðverutíma og mismunandi orlofsréttar viðkomandi námsráðgjafa. Gera skal vinnutímaáætlun fyrirfram fyrir hvert skólaár.

### Reikningsdæmi til skýringar

Skólaárið:	43 vikust. í 35 vikur eru	1505 klst.
Aðliggjandi:	40 vikust. í 4 vikur eru	160 klst.
Endurmenntun		80 klst.
	Samtals:	<b>1745 klst.</b>

Ef þessi námsráðgjafi væri með hámarksorlof, þ.e. 48 stundir (6 daga) fram yfir venjul. þá væru strangt til tekið eftir 7 stundir (t.d. tæplega 1 dagur eða tvö óvænt útköll) upp í 1800 klst. viðmiðunina. Ef hluti endurmenntunar skarast við tímann í skólanum og/eða orlofsréttur væri minni þá kæmu fleiri dagar til skólans.

## **Viðauki 2. Um vinnutíma táknmálstúlka**

Ef kennari innir árlega vinnuskyldu af hendi að hluta eða öllu leyti sem táknmálstúlkur þá fer um samsvarandi vinnutíma hans skv. þeim viðmiðunum sem gilt hafa um aðra táknmálstúlka. T. d. er túlkun í einnar klst. kennslustund með öllum undirbúningi metin sem 2,4 klst. vinna túlks, yfirvinna við túlkun í kennslust. fylgir kennslutíma, gert er ráð fyrir annarri vinnu en beinni túlkun og árlegur vinnutími er 10 mánuðir.

## **Bókun 1. Um samræmingu á kjörum millistjórnenda.**

Ef millistjórnandi (sbr. C hluta í 4. kafla) myndi ekki raðast skv. svokallaðri launaflokkaleið sem kennari miðast tímafjöldi (sbr. gr. 6.1) við að viðkomandi verði jafnsettur (í heildarlaunum) þeim sem taka laun skv. launaflokkaleið.

## **Bókun 2. Um lágmarkshækkun.**

Aðilar eru sammála um að við gildistöku nýs launakerfis skuli mánaðarlaun hækka um 2% hið minnsta. Þeir félagsmenn sem ekki ná þessu marki þann 1. maí 2006 á grundvelli launaflokks og þreps skv. 4. og 5. kafla skulu fá greidda viðbót sem nemur þeirri krónutölu sem uppá vantar þar til þessari hækkun verður náð (sem í síðasta lagi gerist við 2,25% almenna hækkun launatöflu 1. jan. 2007)